

Fundur 8.1.2024 Jörgen, danskur maður.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið, velkominn.*

Heilsa ég ykkur úr stjórnum sambandsstöð og vonum við að sambandið gangi vel.

Og er það okkur gleðiefni þegar okkur tekst að ná sambandi við gömlu jörðina okkar og er það ekki svo langt síðan að hugur minn fór að sinna þessum málefnum.

Og var ég þó búinn að vera hér nokkurn tíma og er hér mörgu að sinna á nýjum hnetti, hef ég mörgum Íslendingum kynnst í framlífi.

Og þar sem ég bý eru mörg hverfi þar sem afkomendur og ættingjar og ættingjar Íslendinga og annarra frá þeim tíma, þegar þeir voru að læra í okkar landi.

Margs, ekki á sama hnetti og við en samt nokkrir af þeim sem bjuggu í okkar landi og mynduðu sér samfélög og eru hluti af okkur.

Tala okkar tungumál, ég hef lítið eitt reynt að læra ykkar tungumál og það á við um fleiri landsmenn mína að talsvert mikill áhugi er á því að ná upp aftur gamla tungumálinu og bæta okkar tungumál þannig að slettur verði færri og eru því nokkrar málýskur talaðar og tungumálið tekur breytingum þótt enn tölum við sama tungumál og á frumlífs hnettinum.

Var hér mjög farsælt og gott samfélag fyrst þegar ég kom á þennan hnött, en farið er að bera á nokkrum vandmálum sem mig langar til að lýsa hér í kvöld og hef ég tekið þátt í stjórnmalastarfi sem snýst um þetta, en sinni þó starfi mínu sem er svipað og það sem ég gerði á jörðinni, en hef ég að vísu fengist við annað líka á nýjum hnetti.

Já hér er fagurt um að litast og var það mér mikið hamingjuefni að komast á þennan hnött og var það mér líka mikið undrunarefni, þar sem ég hafði ekki myndað mér ákveðnar skoðanir um framlíf og var heldur efins, en sótti messur eins og aðrir og gantaðist með það við kunningja mína, hvort mark væri á því takandi.

En undrunarefnin voru mörg þegar ég koma á nýja jörð og varð ég að læra það að aðeins Íslendingar hefðu uppgötvað þessa stefnu og þennan boðskap, en það hefði ekki borist til jarðarbúa á gömlu jörðinni.

Og tók það mig nokkuð langan tíma að skilja það til fulls og var ég þá upptekinn við vandamál þau sem höfðu hrjáð mig á jörðinni, en hef ég nú verið í betri aðstöðu til að skilja þessi málefni og hef ég einnig fengið stuðning frá pólitískum félögum og nýjum starfsvettvangi.

Þau vandmál sem ég vildi segja frá, þau snúast um þá hópa sem komið hafa til þessa lands og þessarar jarðar og eru ekki í samræmi við okkar menningar heildir, menningarheima og hef ég því einnig tekið upp trú á gömlu Guðina en lagt niður trúna á gamla Jahve í kirkjunum.

Og er það ákveðin vandamál sem hér eru upp komin, vegna þess að nýfluttir vilja boða trú sína á Allah og eru ekki friðsamir að öllu leiti og hefur það valdið vandræðum.

Var ég leigubílstjóri á gömlu jörðinni og sinni því enn, en þó hef ég sinnt nokkrum öðrum störfum.

Þykir mér gaman að tala við Íslendingana og er ég farinn að læra nokkuð ykkar mál og hér er hægt að læra í skólunum, gömlu Íslenskuna og hef ég nokkuð lært hana.

Múslimir hafa komið til þessarar jarðar og voru þeir friðsamir í fyrstu, en er það ekki lengur svo, nafn mitt er Jörgen, danskur maður.

Hef ég margt um þetta að segja, en læt ég hér staðar numið, þakka ég fyrir gott hljóð og óska ykkur velfarnaðar og hef ég oft hlýtt á fræðimenn og aðra í þessum sal, fjalla um samband okkar við Íslendingar og veit ég að margir þeirra vilja komast í sambandið, þakka ég fyrir og kveð ykkur, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir, vertu velkominn aftur.*

*Takk fyrir blessaður.*